

---

Ár 2013, fimmtudaginn 12. desember kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðisbæjar saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Elínborg Ólafsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Ninna Sif Svavarsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

**1. Fundagerðir.**

**1.1. Bæjarráðs frá 5. desember 2013.**

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr 2.1. Álagningarhlutfall útsvars árið 2014.

Nr. 2.2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

**1.2. Fræðslunefndar frá 2. desember 2013.**

**1.3. Velferðarnefndar Árnespíng frá 9. desember 2013.**

**1.4. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 10. desember 2013.**

Liðir afgreiddir sérstaklega:

Nr. 1. Árhólmar í Ölfusdal, deiliskipulag, skipulagslýsing, kynning og umsagnir.

Nr.2. Lystigarðurinn Fossflöt, kaffihús, breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Nr.3. Hverhamrar, stækkun lóðar.

Nr 4. Aðgengi fyrir alla.

**2. Samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu, síðari umræða.**

**3. Breyting á samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar, síðari umræða.**

**4. Samningur við Hengill líkamsrækt um afnotarétt af kjallara íþróttahús.**

**5. Kauptilboð Þórsmörk 1A.**

**6. Samningur við Tónsmiðju Suðurlands.**

**7. Matsgerð Friðarstaðir Hveragerði.**

**8. Breytinga á gjaldskrá fyrir kattahald, síðari umræða.**

**9. Breyting á gjaldskrá fyrir hundahald, síðari umræða.**

**10. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun, síðari umræða.**

**11. Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar árið 2014, síðari umræða.**

**12. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2015-2017, síðari umræða.**

**13. Fundargerðir til kynningar:****13.1. Bæjarstjórnar frá 28. nóvember 2013.**

Hér var gengið til dagskrár.

**1. Fundagerðir;****1.1. Bæjarráðs frá 5. desember 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir

Liður 2.1. Álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2014 afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir álagningarhlutfallið með fyrirvara um að umrædd lög verði samþykkt á Alþingi.

Liður 2.2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags afgreiddur sérstaklega. Samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

**1.2. Fræðslunefndar frá 2. desember 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir.

Bæjarstjórn lýsir yfir ánægju með metnaðarfulla vinnu við verkefnið Heilsueflandi grunnskóli en unnið er að innleiðingu þess við Grunnskólann í Hveragerði. Leikskólastjórar hafa lýst yfir vilja til þátttöku í svipuðu verkefni og fagnar bæjarstjórn þeim áhuga.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**1.3. Velferðarnefndar Árneshings frá 9. desember 2013.**

Með fundargerðinni fylgdi Starfsáætlun Velferðarnefndar Árneshings fyrir árið 2014.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**1.4. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 10. desember 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Ninna Sif Svavarsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir,

Liður 1. Árhólmar í Ölfusdal, deiliskipulag, skipulagslýsing, kynning og umsagnir afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir að vinnu við deiliskipulagsgerðina verði haldið áfram og Landform ehf. falið að meta áhrif hugmynda sem fram komu í innsendum umsögnum og á kynningarfundum.

Liður 2. Lystigarðurinn Fosslöt, kaffihús, breyting á aðal- og deiliskipulagi afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir að málsmeðferð breytingartillögu Landforms ehf. við aðalskipulag verði í samræmi við 2.

mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2013 og Landslagi ehf. verði falið að gera breytingatillögu við deiliskipulag Fossflatar.

Liður 3. Hverhamar, stækkun lóðar, afgreiddur sérstaklega. Bæjarstjórn samþykkir að jarðvegsrannsóknir fari fram á svæðinu s.s. jarðvegsdýpi, jarðhiti, berggrunnur o.s.frv.

Liður 4. Aðgengi fyrir alla afgreiddur sérstaklega.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun samhljóða:

Í aðalskipulagi Hveragerðis er sérstök áhersla lögð á að bærinn sé ferðamanna- og heilsubær. Á undanförunum árum hefur verið mikill vöxtur í ferða-, umönnunar- og heilsuþjónustu og allt bendir til að sá vöxtur haldi áfram næstu áratuginna. Gott aðgengi er nauðsynlegt þeim sem þiggja heilsu- og öldrunarþjónustu en sífellt fleiri þurfa á slíkri þjónustu að halda. Til þess að Hveragerðisbær nái settum markmiðum sem ferðamanna- og heilsubær þarf hann að standa frammar öðrum sveitarfélögum í aðgengismálum, marka skýra stefnu í málaflokknum, gera aðgerðaráætlun og ráðast í aðgerðir þar sem þeirra er þörf. Fyrirtæki í ferða-, umönnunar- og heilsuþjónustu í Hveragerði þurfa sömuleiðis að marka sér stefnu um aðgengismál. Bæjarstjórn felur skipulags- og byggingafulltrúa að fylgja aðgengismálum eftir í góðri samvinnu við fyrirtækjaeigendur og stofnanir bæjarins.

## 2. Samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu, síðari umræða.

Lagður fram til síðari umræðu samstarfssamningur sveitarfélaga í Árnessýslu utan Árborgar um skóla- og velferðarþjónustu.

Engin tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn.

## 3. Breyting á samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu breyting á 47. grein á samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar vegna skóla- og velferðarþjónustu.

Bæjarstjóri lagði til að við bætist ein breyting á 31. gr. „Verkefni bæjarráðs“. Þar bætist við í fjórðu málsgrein orðið: „jafnréttis-“ og hljóðar sá hluti gr.31 þá svo:

Bæjarráð hefur einnig með höndum jafnréttis-, atvinnu-, ferða-, markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir breytingarnar.

**4. Samningur við Hengil líkamsrækt um afnotarétt af kjallara íþróttahús.**

Lagður fram samningur við Hengil líkamsrækt um afnotarétt af kjallara íþróttahússins við Skólamörk.

Eftirtaldir tóku til máls: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samninginn.

**5. Kauptilboð í Þórsmörk 1A.**

Lagt fram tilboð í kaup á Þórsmörk 1A upp á kr. 22 milljónir sem Íbúðalánasjóður er búin að samþykkja fyrir sitt leyti.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir kauptilboðið með fyrirvara um fjármögnun kaupanna og niðurstöðu grenndarkynningar. Bæjarstjóra falið að kanna með lánakjör hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

**6. Samningur við Tónsmiðju Suðurlands.**

Lagður fram samningur við Tónsmiðju Suðurlands um tónlistarkennslu í Hveragerði.

Eftirtaldir tóku til máls: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir að heimila allt að 6 nemendum að stunda fullt nám við skólann á hverjum tíma eða 12 í hálfu námi. Með þátttöku Hveragerðisbæjar í Tónsmiðjunni er stigið skref í átt til aukinnar tónlistarlegrar fjölbreytni í bæjarfélaginu en í fjárhagsáætlun árið 2014 er jafnframt gert ráð fyrir að aldurstakmarkanir í tónlistarnám falli niður.

**7. Matsgerð Friðarstaðir Hveragerði.**

Lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna vegna Friðarstaða í máli nr. 11/2013, þeirra Jóns Hólm Stefánssonar, lögg. fasteignasala og Ástráðs Guðmundssonar, húsasmíðameistara og matsfræðings, en matið fór fram að kröfu Diðriks Jóhanns Sæmundssonar.

Enginn tók til máls:

Bæjarstjórn mótmælir niðurstöðu matsgerðarinnar og felur Helga Jóhannessyni hrl. að gæta hagsmuna bæjarins áfram í málinu.

**8. Breyting á gjaldskrá fyrir kattahald, síðari umræða.**

Lögð fram til síðari umræðu breyting á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerði.

Enginn tók til máls.

---

Gjaldskráin samþykkt.

**9. Breyting á gjaldskrá fyrir hundahald, síðari umræða.**

Lögð fram til síðari umræðu breyting á gjaldskrá fyrir hundahald í Hveragerði.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt.

**10. Breyting á gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun, síðari umræða.**

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerði.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt.

**11. Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2014, síðari umræða.**

Lögð fram til síðari umræðu drög að fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2014 ásamt greinargerð.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Framlögð fjárhagsáætlun ársins 2014 var unnin í samvinnu allra bæjarfulltrúa. Samstarfið gekk með ágætum og vonast bæjarfulltrúar A-listans til að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera í framtíðinni.

Gjaldskrárhækkunum er stillt í hof eins og kostur er án þess að skerða þjónustu. Til að uppfylla kröfu sveitarstjórnarlaga um jákvæða niðurstöðu samstæðunnar reyndist þó nauðsynlegt að hækka flesta gjaldskrárliði um 3,6%, sem er hækkun verðlags á árinu 2013. Til að styðja við bakið á barnafjölskyldum voru þó vistunargjöld á leikskólum ekki hækkuð, sem er ánægjuleg niðurstaða.

Breytingar innan málaflokka en nokkuð misjöfn. Sumri málaflokkar hækka þó nokkuð en aðrir standa nánast í stað eða lækka eins og menningarmál og atvinnumál. Æskulýðs- og íþróttamál hækkuðu um 15,3 % á milli árana 2012 og 2013 og um önnur 4,6% núna. Samtals hækkun þessa málaflokks hefur því verið um 20% frá árinu 2012 eða um 27 mkr. á tímabilinu. Þessar hækkunir málaflokksins eru að mestu tilkomnar vegna reksturs Hamarhallar en eins og kunnugt er var ágreiningur á milli meiri – og minnihluta um hvort fara ætti þessa leið við uppbyggingu íþróttastarfs í bæjarfélaginu. Ljóst er þó að þessi ákvörðun verður ekki aftur tekin en fyrirsjáanlegt að bæjarbúar munu þurfa að greiða árlega milljónatugi vegna þessa verkefnis. Hvort það sé ásættanlegt niðurstaða er síðan hvers og eins að meta.

Á undanförmum árum hafa bæjarfulltrúar A-listans ítrekað bent á að nauðsynlegt væri að draga verulega úr lántökum á vegum bæjarins, hefja niðurgreiðslu skulda og sjá til

Þess að handbært fé frá rekstri nægi fyrir nettógreiðslubyrði langtímaskulda. Ánægjulegt er að sjá að sjálfstæðismenn virðast loksins hafa gert sé grein fyrir mikilvægi þessara atriða, en í fjárhagsáætlun 2014 og í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir hóflegum lántökum, niðurgreiðslu skulda og að handbært fé frá rekstri nægi fyrir greiðslubyrði langtímaskulda. Vonandi ber framtíðarstjórnendum bæjarins gæfu til að halda sig á þessari línu á komandi árum.

Róbert Hlöðversson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Kl. 17:40 var gert fundarhlé.

Kl. 17:55 hélt fundur áfram.

Fulltrúar D-listans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Bæjarfulltrúar D-listans eru sammála minnihlutanum um að vinnubrögð og samstarf við gerð fjárhagsáætlunar árið 2014 eru til mikillar fyrirmyndar. Það hefur alltaf legið fyrir að rekstur Hamarshallar myndi kosta bæjarfélagið fjármuni enda er það eðli íþróttamannvirkja að þau eru undantekningalaust ekki að standa undir sér. Til þess ætlast heldur enginn enda hlutverk þeirra uppdíslegt að stóru leyti.

Varðandi niðurgreiðslu langtímalána er rétt að það komi fram að árið 2011 voru greiddar afborganir langtímalána 236 mkr á móti teknum nýjum lánum 185 mkr. Árið 2012 þegar Hamarshöllin er reist voru tekin ný langtímalán 326 mkr á móti 161 mkr sem var greitt niður af lánum. Árið 2013 eru tekin ný langtímalán 20 mkr en greiddar afborganir langtímalána 151 mkr. Árið 2014 er síðan áfram gert ráð fyrir afborgunum umfram tekin ný lán þegar tekin verða lán að upphæð 65 mkr en greitt á móti 162 mkr.

Þarna sést svart á hvítu að búið er að greiða niður vel umfram það sem tekið hefur verið í nýjum langtímalánum.

Eyþór H. Ólafsson

Unnur Þormóðsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir.

Ninna Sif Svavarsdóttir.

Elínborg Ólafsdóttir

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

## 12. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar 2015-2017, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu drög að þriggja ára fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árin 2015-2017 ásamt greinargerð.

Enginn tók til máls.

Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2017 samþykkt samhljóða.

**13. Fundagerðir til kynningar;**

13.1. Bæjarstjórnar frá 28. nóvember 2013.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)